



Sóknarfæri í uppsveitunum Sundur eða saman?

Niðurstöður íbúafings

Júlí, 2005



1. INNGANGUR	2
2. KOSTIRNIR VIÐ AÐ BÚA Í UPPSVEITUM ÁRNESSÝSLU	3
3. FRAMTÍÐARSÝN	4
4. SKILABOÐ Í HELSTU MÁLAFLOKKUM	5
4.1. Inngangur.....	5
4.2. Byggðaðpróun.....	5
4.3. Samgöngur og fjarskipti	5
4.4. Atvinnulíf	6
4.5. Skólamál	7
4.6. Félagsþjónusta	8
4.7. Þjónusta við aldraða	8
4.8. Tómsundur og menning	9
4.9. Náttúra; verndun og aðgengi	9
4.10. Útivist	9
4.11. Samskipti ríkis og sveitarfélaga	9
5. SAMEINING: HVAD VINNST OG HVAD TAPAST?	10
5.1. Inngangur.....	10
5.2. Yfirlit.....	10
6. SUNDUR EÐA SAMAN? - SAMANTEKT OG VANGAVELTUR	12
6.1. Kostir og gallar	12
6.2. Samgöngur eru forsendan	12
6.3. Stjórnsýslan	13
6.4. Viðhorf	13
6.5. Framhaldið.....	14
6.6. Hnattvæðingin - breytt staða sveitarfélaga	14
I. VIÐAUKI: DAGSKRÁ	15

1. INNGANGUR

Þann 8. október n.k. munu íbúar í uppsveitum Árnassýslu kjósa um sameiningu sveitarfélaganna fjögurra, Bláskógabyggðar, Grímsnes- og Grafningshrepps, Hrunamannahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps, samkvæmt tillögu sameiningarnefndar félagsmálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga.



Sameiningarnefnd sveitarfélaganna í uppsveitunum ákvað að efna til íbúapings, sem haldið var í Skálholti þann 29 .júní. Umsjón með þinginu var í höndum ráðgjafarfyrtækisins Alta.

Á íbúapinginu var beitt aðferðum sem miða að því að gefa öllum jafna möguleika á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

Þingið setti Sveinn Sæland, varaformaður sameiningarnefndar. Því næst flutti Eva Marín Hlynsdóttir, verkefnisstjóri sameiningarnefndar samantekt um samvinnu og íbúapróun í uppsveitunum (sjá www.sveitir.is). Rætt var um framtíðarsýn, annars vegar í vinnuhópum og hins vegar í skipulagshópi þar sem unnið var yfir kort af sveitarfélögunum fjórum. Þátttakendur skiptust á skoðunum í umræðum sem voru umfram allt málefnalegar og á köflum mjög fjörugar. Dagskrá þingsins er að finna í viðauka. Greinargerð þessi hefur að geyma samantekt Alta á niðurstöðum þingsins og vangaveltur um þær.

Til þingsins mættu um 75 manns og áttu öll sveitarfélög og svæði fulltrúa á þinginu, þó að vísu væri aðeins einn úr Þingvallasveit. Kynjaskipting var þannig að karlar voru ríflega 60% þátttakenda en konur um 40%.

Hér á myndunum má sjá nánari greiningu á þátttöku.



2. KOSTIRNIR VIÐ AÐ BÚA Í UPPSVEITUM ÁRNESSÝSLU

Þetta var þátttakendum efst í huga þegar spurt var: „Hverjir eru kostirnir við að búa í uppsveitum Árnessýslu?“

- Gott mannlíf og félagslíf: T.d. góð þorrablót, sönglist og líflegt kórastarf.
- Staðsetning: Stutt frá Reykjavík – en er ekki Reykjavík.
- Náttúrugæði: Náttúrufegurð, frjósamt svæði, jarðhiti og veðursæld.
- Góðir skólar.
- Fjölskylduvænt.


„Það sem við viljum er að fólk hugsi heildstætt um þetta svæði okkar og horfi út frá langtímasjónarmiðum“



3. FRAMTÍÐARSÝN

Uppsveitir Árnessýslu hafa þá sérstöðu að vera dreifbýlt landbúnaðarsamfélag með litlum íbúakjörnum. Þetta tölðu þátttakendur á íbúáþinginu jákvætt og vildu sjá svæðið þróast á þessum sömu forsendum.

Til verði ný vegatenging „Uppsveitabraut“ sem tengi uppsveitirnar þvert þannig að til verði ás sem liggur m.a. í gegnum Laugarvatn, Reykholt og Flúðir.



Horft verði heildstætt á skólamál á svæðinu. Áhersla verði á góða skóla og sem minnstan skólaakstur sérstaklega fyrir yngstu börnin. Félagsþjónusta verði góð og aðstæður fyrir aldraða verði bættar. Menningar- og félagslíf dafni, m.a. með samvinnu.

Svæðið verði áfram eitt helsta ferðapjónustusvæði landsins og fjölsóttir ferðamannastaðir verði skipulagðir þannig að mikil aðsókn spilli þeim ekki. Ytri skilyrði fyrir garðyrkju verði með þeim hætti að atvinnugreinin geti eflst enn frekar. Áhersla verði lögð á umhverfismál og náttúruvernd. Skiptar skoðanir eru um hversu langt skuli ganga í verndun þjórsárvera.

Stjórnsýsla verði góð og fagleg og haldið verði í persónulegar áherslur í samskiptum milli stjórnsýslunnar og íbúanna. Íbúar leggi sig fram um að vinna vel saman og útrými hrepparígg.

Sveitarfélögum verði tryggðir tekjustofnar með nýjum verkefnum frá ríkinu þannig að sveitarstjórnarstigið megi eflast.

4. SKILABOÐ Í HELSTU MÁLAFLOKKUM

4.1. Inngangur

Niðurstöðurnar sem hér fara á eftir byggja á niðurstöðum vinnuhópanna tveggja og skipulagshópsins. Kaflaskipting fylgir í megindráttum skilgreiningu á þeim landnotkunarflokkum sem styðjast skal við, við gerð aðalskipulags, samkvæmt skipulagsreglugerð.

4.2. Byggðapróun

Fram kom ánægja með þá sérstöðu sem uppsveitirnar hafa, að vera öflugt dreifbýlissamfélag með yfir 2.500 íbúa og nokkra smáa þjónustukjarna.

Þátttakendur áttu sér þá sýn að þessi einkenni svæðisins haldist og að þar verði áfram dreifð íbúðarbyggð. Æskilegt væri að margir minni kjarnar stækki, frekar en bara 2 eða 3 þeirra. Að sama skapi voru íbúar andvígir því að til verði eitt stórt þéttbýli sem verði ráðandi í byggðamynstrinu.

Það var samhljóma álit að þjónustukjarnarnir séu forsenda byggðar á hverju svæði og að ekki sé ráðlegt að fækka þeim, en að e.t.v. mætti hagræða með því að auka sérhæfingu hvers svæðis.

Eftirspurn eftir almennu íbúðarhúsnæði og frístundahúsum er mjög vaxandi í sveitarfélögunum. Töldu þátttakendur að þessi þróun muni halda áfram og því megi búast við nokkurri fjölgun íbúa á næstu árum.

Almenn ánægja var með frístundabyggð í uppsveitum, en ýmsir töldu mikilvægt að mörkuð verði stefna um þá uppbyggingu, því hún geti auðveldlega farið úr böndunum. Bent var á að tryggja þurfi að landbúnaður á svæðinu líði ekki fyrir frístundabyggðina.

Fram kom að æskilegt væri að gera eitt sameiginlegt aðalskipulag fyrir allt svæðið.

4.3. Samgöngur og fjarskipti

Þátttakendur voru sammála um að forsendur sameiningar eða frekari samvinnu sveitarfélaganna væru bættar samgöngur innan svæðisins. Á uppdrættinum hér að framan má sjá nýstárlega hugmynd sem fram kom um svokallaða „Uppsveitabraut“, sem myndi ná frá Þingvöllum í vestri til Árness í austri. Hugmyndin byggist á því að byggja upp Gjábakkaveg frá Þingvöllum að Laugarvatni, Reykjabraut frá Laugarvatni að Reykholti, Bræðratunguveg frá Reykholti að Flúðum og Laxárleið frá Flúðum að Árnesi. Að auki væri hægt framlengja leiðina til suðurs með því að brúa Þjórsá austan Árness og tengja þannig byggðina til við þjónustu sunnan hennar.

Aðstæður eru nú gjörólíkar því sem var þegar núverandi vegakerfi byggðist upp, þegar allar meginleiðir á svæðinu voru lagðar langsum. Orðnir eru til byggðakjarnar sem sumir hverjir fara vaxandi og gegna orðið lykilhlutverki í því að tengja svæðið í eitt. Með þeirri þversum tengingu sem hér er lögð til, myndu allar forsendur fyrir byggðapróun í

uppsveitunum gjörbreytast. Þrír byggðakjarnar yrðu tengdir á einum ás, Laugarvatn, Reykholt og Flúðir. Ekki er ólíklegt að með þessu myndu þessir þrír kjarnar stækka umfram aðra. Var það var fram þeirri hugmynd að byggðar yrðu trébrýr sem eingöngu væru ætlaðar fólksbílum en þungaflutningum yrði beint annað. Þannig væri hægt að brúa fyrir aðeins brot af þeim kostnaði sem „fullvaxnar“ brýr myndu kosta. Uppsveitabraut myndi stytta vegalengdir milli helstu þéttbýlissvæða umtalsvert. Sem dæmi myndi vegalengdin frá Flúðum í Reykholt sem er um hálf tíma akstur, styttest um tvo þriðju.

„Það er alltaf verið að skammta einn veg eða eina brú í staðinn fyrir að horfa á þetta heildstætt“



Auk þess að stuðla að auknum tengslum og samskiptum innan uppsveitanna, þvert á núverandi hreppamörk, myndi slík tenging styrkja mjög stöðu Menntaskólans á Laugarvatni, sem á í varnarbaráttu um þessar mundir.

Nokkur samstaða var um að uppbyggður Kjalvegur yrði mikil búbot fyrir svæðið. Sú vegagerð byggist þó á því að helstu leiðir innan svæðisins verði fyrst lagaðar svo þær geti tekið við þeirri auknu umferð sem Kjalvegur myndi augljóslega hafa í för með sér.

Bent var á að mikill fjöldi ferðamanna og sumarhúsagesta kallar á betri vegi. Kallað var eftir góðum tengingum og góðum vegum almennt, malbiki á safn- og tengivegi og að einbreiðum brúm verði útrýmt.

Uppbygging reiðleiða var þátttakendum ofarlega í huga. Vegna umferðaröryggis var áhugi á því að koma reiðleiðum frá helstu akvegum, án þess þó að hestamenn trúfli íbúa svæðisins meira en þörf krefur. Helst þyrfti að girða meðfram reiðleiðum.

Bent var ítrekað á mikilvægi þess að tryggja góðar tölvutengingar alls staðar á svæðinu, ella yrðu svæði án tölvutenginga að jaðarbyggðum.

4.4. Atvinnulíf

Umræðan um atvinnulíf snerist aðallega um þörfina fyrir fjölgun atvinnutækifæra og aukna fjölbreytni, í því skyni að efla búsetu og fjölga íbúum. Helstu sóknarfæri töldu þátttakendur liggja í ferðapjónustu og tæknigreinum og því mikilvægt að tryggja góðar tölvutengingar hvarvetna á svæðinu. Kallað var eftir fleiri störfum í iðnaði.

Bent var á að margar afgerandi ákvarðanir um atvinnumál og önnur hagsmunamál á svæðinu séu teknar utan svæðisins.

Þátttakendur virtust hafa þann skilning að nauðsynlegt væri að grípa til sérstakra aðgerða til eflingar atvinnulífs. Þær lausnir sem mest áhersla var lögð á, fólust í því að að efla frumkvæði heimamanna og virkja þá til að sjá nýja möguleika, t.d. með námskeiðum og stuðningi. Fram kom ánægja með frumkvöðlafræðslu í grunnskólum og hvatt til þess að haldið verði áfram á þeirri braut.

Þá var kallað eftir aukinni samvinnu innan Suðurlands í atvinnu- og ferðamálum.

Landbúnaður og garðyrkja

Nokkuð var rætt um þær miklu breytingar sem eru að eiga sér stað í landbúnaði og m.a. nefnt að hátt verð á mjólkurkvóta geti valdið of mikilli samþjöppun. Þú verða færri og stærri og hillir undir „verksmiðjubúskap“ þar sem hugsanlega þarf að byggja á erlendu vinnuafli. Landsvæði sem áður voru í ræktun fara í vaxandi mæli undir sumarbústaðahverfi. Í mörgum tilvikum er það sú leið sem bændur fara, til að geta búið áfram á svæðinu eftir að þeir bregða búi.

Bent var á að vegna umhverfis- og öryggismála sé mikilvægt að girða af búfénað.

Garðyrkja er stór atvinnugrein í uppsveitunum, en þátttakendur lýstu áhyggjum af þróun hennar vegna utanaðkomandi ógnana, sérstaklega hárs raforkuverðs og innflutnings.

Þátttakendur litu svo á að þessar breytingar séu ekki aðeins vandamál, heldur að í þeim felist líka tækifæri.

Ferðaþjónusta

Fram kom að ferðaþjónusta er mjög vaxandi atvinnugrein í uppsveitunum og áttu þátttakendur sér þann draum að svæðið verði áfram eitt öflugasta ferðaþjónustusvæði á landinu. Mikil áhersla var lögð á bættar samgöngur til að bæta aðgengi að ýmsum áhugaverðum stöðum og afþreyingu, s.s. veiði. Einnig töldu íbúar mikilvægt að skapa góðar aðstæður á fjölsóttustu ferðamannastöðunum til að tryggja að fjöldinn skaði ekki staðina. Ósk um gestastofu í Þjórsárdal bar nokkuð á góma.

Nokkur umræða varð um kosti og galla nálægðarinnar við Reykjavík fyrir ferðaþjónustu í uppsveitunum.

Kallað var eftir því að starf ferða- og atvinnuáráðgjafar verði eftir enn frekar og nefnt að ráðning minjavarðar fyrir Suðurland myndi styrkja ferðaþjónustuna.

4.5. Skólamál

Líkt og fram kemur að ofan voru þátttakendur sammála um að aukin hagræðing þjónustu byggist á betri samgöngum. Fjarlægðir í skóla séu nú þegar miklar fyrir þá sem fjærst búa. Samstaða var um að yngstu börnin ættu að sitja sem styst í bíl á leið í skóla.

Talsverðar umræður urðu um kosti og galla lítilla skóla. Smæðin var talin hamla skólastarfi þegar kemur að námsframboði og vali, auk þess sem

rekstur þeirra er dýrari. Á hinn bóginn kom fram að það er erfitt þegar ráðist er í sameiningar skóla, sem oftast gerist í kjölfar sameininga sveitarfélaga. Það kallar á togstreitu um staðsetningu, enda eru skólarnir yfirleitt hjarta hvers svæðis.

Ekki var áhugi á að fækka leikskólum eða yngri deildum grunnskóla. Ýmsir töldu möguleika á að fækka eldri deildum (þremur efstu bekkjum) grunnskóla niður í tvær, ef til kæmu betri vegtengingar. Ekki var þó tekin afstaða um hvar þær deildir ættu að vera staðsettar.

„Það er vandamál að skólamálin hafa ekki verið skoðuð með hagsmuni svæðisins í heild að leiðarljósi. Það eru allir að byggja skóla núna“



Kallað var eftir heildstæðri stefnumótun um skólamál á svæðinu og m.a. vísað í tengingu milli skólastiga og byggingar grunnskóla. Bent var á að aukið samstarf í skólamálum myndi styrkja skólastarfið og ýmsir töldu rétt að stíga skrefið til fulls og sameina alla skólana undir eina yfirstjórn.

Vilji var til að standa vörð um starfsemi Menntaskólans á Laugarvatni.

4.6. Félagsþjónusta

Umræða um félagsþjónustu snerist að mestu um hvernig hægt sé að koma til móts við óskir og þarfir, í þeirri dreifðu byggð sem uppsveitirnar eru. Fjarlægðir og fjöldi byggðakjarna geri það t.d. að verkum að skipulag heimaþjónustu sé þungt. Fram komu óskir um jafnt aðgengi að félagsstarfi og þjónustu fyrir alla hópa óháð aldri, fötlun o.s.frv. og sem víðast á svæðinu.

4.7. Þjónusta við aldraða

Þjónusta við aldraða var þátttakendum ofarlega í huga og vísað til þess að með breyttri aldursamsetningu verði þessi málaflokkur stöðugt vaxandi. Samhljómur var um þá áherslu að gera fólki kleift að búa heima fyrir eins lengi og kostur er, með heimilisþjónustu og heimahjúkrun. Kallað var eftir (þjónustu)íbúðum fyrir aldraða og að mögulega yrði stefnt að einu sameiginlegu dvalarheimili, en bent á í því sambandi að erfitt gæti verið að ná samstöðu um staðsetningu. Talið var mikilvægt að hægt yrði að bjóða upp á pláss á hjúkrunarheimili eftir þörfum.

Talið var mikilvægt að bjóða öldruðum upp á fjölbreytt félagsstarf, en jafnframt bent á að þeir sem ekki keyra bíl eiga ekki sömu möguleika á að taka þátt í því sem er í boði.

4.8. Tómstundir og menning

Skipulagðar tómstundir og menning helgast af aðstæðum í dreifbýlinu og gegna skólahverfin lykilhlutverki. Rætt var um bæta þurfi aðgengi barna að tómstundastarfi, sérstaklega íþrótt- og tónlistariðkun.

Nefnt var að nýta ætti kosti fámennisins í skólastarfi, menningarlífi og félagsmálum.

Þátttakendur áttu sér draum um enn blómlegra menningarlíf og aukið samstarf félagasamtaka.

„Menn ganga ekki alltaf fram með sömu forsendum við sameiningar“



4.9. Náttúra; verndun og aðgengi

Í uppsveitum Árnessýslu eru margar af helstu og fjölsóttustu náttúruperlum landsins. Bent var á að þessu fylgi ábyrgð og að nokkrir staðir kunni að vera í hættu.

Skiptar skoðanir voru um hversu langt eigi að ganga í verndun. Fram komu óskir um að Þjórsárver verði sett á heimsminjaskrá UNESCO

Almennt var vilji til þess að viðhalda víðáttu og hreinleika á svæðinu, án allra öfga.

4.10. Útivist

Kallað var eftir fleiri útivistarsvæðum, án þess að tekin væri afstaða til staðsetninga. Betri merkingar gönguleiða voru þátttakendum ofarlega í huga og nefnt var að huga þurfi að bættu aðgengi fatlaðra að útivist og náttúruperlum.

4.11. Samskipti ríkis og sveitarfélaga

Talsverð umræða varð um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og töldu þátttakendur aukna tekjustofna vera forsendu eflingar sveitarstjórnarstigsins og yfirfærslu verkefna frá ríki til sveitarfélaga.

5. SAMEINING: HVAÐ VINNST OG HVAÐ TAPAST?

5.1. Inngangur

Síðari hluti þingsins var helgaður umræðu um kosti og galla sameiningar, um hvað vinnst og hvað tapast. Í töflunni hér á eftir má sjá samantekt á því sem þar kom fram hjá þátttakendum.

5.2. Yfirlit

Málefni	Vinnst	Tapast
Staða	Sveitarfélagið hefði meira vægi út á við.	Sjálfstæði einstakra svæða minnkar.
Jaðarsvæði	Jaðarsvæði myndu hverfa.	Hætta á minnkuðu vægi jaðarsvæða. Jaðarsvæði yrðu illa úti, fengju minni þjónustu.
Samgöngur	Vonandi bætтар samgöngur.	
Skipulag	Betri heildarsýn í skipulagsmálum.	
Náttúruvernd		Samstaða um verndun þjórsárvera ótrygg.
Atvinnulíf	Sterkari í að laða að fyrirtæki. Eitt atvinnusvæði.	Svæðið getur verið eitt atvinnusvæði, óháð sameiningu.
Fjárhagsstaða	Meira til samneyslu. Meira svigrúm til aðgerða/ framkvæmda. Jafnari skipting fjármuna. Minni kostnaður við stjórnsýslu. Hægt að halda hærra þjónustustigi. Meiri möguleikar á verkefnum frá ríkinu.	
Hagræðing	Hagræðing í rekstri málaflokka og stjórnsýslu. Hagkvæmar lausnir án skerðingar þjónustu. Betri nýting íþróttahúsa.	Þarf að færa fórnir í nafni hagræðingar, sérstaklega fækkun skóla.

Stjórnsýsla	<p>Fækkar í stjórnsýslu.</p> <p>Betri heildarsýn yfir svæðið.</p> <p>Aukin fagmennska í úrlausnum verkefna.</p> <p>Betri nýting á hæfu fólki með aukinni sérhæfingu.</p> <p>Meiri fjarlægð -> auðveldara að taka erfiðar ákvarðanir.</p> <p>Jafnræði í stjórnsýslu gagnvart íbúum.</p> <p>Minni fjölskyldutengsl.</p> <p>Meiri slagkraftur í ákvörðunum og aðgerðum.</p>	<p>Persónulegt samband við sveitarstjórnir.</p> <p>Lengra í stjórnsýsluna.</p> <p>Almenningur hefði minni áhrif í ákvarðanatöku.</p> <p>Þrjár hreppsnefndir.</p> <p>Góðir sveitarstjórar.</p> <p>Færri stjórnar / eru kallaðir til ábyrgðar félagslega.</p> <p>Minna vægi hvers einstaklings.</p> <p>Meiri miðstýring.</p>
Skólamál	<p>Skólamál skoðuð út frá svæðinu í heild en síður út frá sérhagsmunum.</p> <p>Betri skólar með fjölbreyttara námsvali.</p> <p>Minni kostnaður við rekstur skóla.</p>	<p>Skólar yrðu lagðir niður > meiri vegalengd og skólaakstur.</p> <p>Vegalengdir nú þegar miklar í sumum tilfellum.</p> <p>Skólarnir eru hjarta hvers svæðis.</p>
Þjónusta	<p>Betri þjónusta fyrir sama fjármagn.</p> <p>Samheldni um stofnanir sem eru á svæðinu, t.d. Framhaldsskóla og elliheimili.</p> <p>Þjónusta sérhæfðari og markvissari.</p> <p>Hugsanlega betri sorphirða.</p>	<p>Þjónusta þjappast of mikið saman.</p> <p>Reynslan segir að þjónustan versni.</p> <p>Hugsanlega verri sorphirða.</p>
Félagslíf	<p>Fjölbreyttara félagslíf.</p> <p>Sameining félaga.</p>	
Hrepparígur	<p>Hrepparígur vonandi úr sögunni.</p>	<p>Hrepparígur myndi aukast.</p>

6. SUNDUR EÐA SAMAN? - SAMANTEKT OG VANGAVELTUR

6.1. Kostir og gallar

Sameining myndi styrkja stöðu uppsveita Árnassýslu út á við, samkvæmt niðurstöðu íbúapingsins. Aftur á móti kynni sameining að ógna ýmsu því í innri aðstæðum á svæðinu sem margir íbúar telja dýrmætt og vilja halda í.

Sameinað sveitarfélag stæði sterkar að vígi á mörgum sviðum. Sem dæmi má nefna að laða að fólk og fyrirtæki og von væri til þess að fjárhagsstaða yrði sterkari. Að líkindum yrði auðveldara að berjast fyrir bættum samgöngum í sameinuðu sveitarfélagi. Hægt væri að veita betri þjónustu og á hagkvæmari hátt. Stjórnarsýsla yrði faglegri og með minni persónulegri nánd skapaðist umhverfi þar sem auðveldara væri að taka á erfiðum málum. Horft yrði heildstætt á hagsmuni svæðisins og ákvarðanir teknar út frá því, s.s. í skólamálum og skipulagsmálum.

„ Það tapast ekkert ef þess er gætt að halda í sérkenni og sjálfstæði litlu staðanna og kosti fámennra og dreifðra skóla“



Það sem íbúar telja vera helstu ógnunina er að við hagræðingar sem gerast í kjölfar sameiningar, geti þjónusta á ákveðnum svæðum minnkað, sérstaklega á jaðarsvæðum. Þetta á fyrst og fremst við um rekstur skóla sem verið hafa einn viðkvæmasti málaflokkurinn við sameiningar sveitarfélaga. Eftirsjá væri í því að eiga ekki eins beinan persónulegan aðgang að stjórnarsýslunni, sérstaklega fulltrúum í sveitarstjórn og nefndum.

6.2. Samgöngur eru forsendan

Ein megin niðurstaða þingsins er að hægt er að skapa gjörbreyttar forsendur fyrir samtengingu uppsveitanna, með bættum samgöngum. Fram kom nýstárleg hugmynd um svokallaða Uppsveitabraut, sem myndi ná frá Þingvöllum í vestri til Árnass í austri. Í dag liggja allar leiðir norður – suður, en með þessari nýju tengingu yrðu þrjár þéttbýliskjarnar í miðju svæðisins á einum ás og vegalengdir myndu styttest til muna. Með þessu yrðu forsendur fyrir einu sameinuðu sveitarfélagi allt aðrar.

6.3. Stjórnsýslan

Talsverð umræða varð um aukna fjarlægð íbúa við stjórnsýsluna, við sameiningu. Þegar að var spurt kom í ljós að íbúar fara ekki mikið á skrifstofur sveitarfélaganna og að hægt sé að reka flest erindi um tölvu og síma. Því virðist spurningin um nálægð snúast meira um aðgang að fulltrúum í sveitarstjórn og nefndum. Eftir stendur að upplifun íbúanna er sú að fjarlægðin aukist, en skiptar skoðanir eru um hvort það er kostur eða galli. Hér er líka spurning hvort þær breytingar tengist eingöngu sameiningu eða hvort þær séu einfaldlega til marks um breytta tíma.

*„Sameinað sveitarfélag
yrði öflugri heild bæði
innávið og útávið“*



Frekar var kallað eftir að stjórnsýsla yrði dreifð, en að henni yrði komið fyrir á einum stað, ef til sameiningar kæmi. Fram kom hugmynd um að hafa ráðgjafarnefndir í gömlu sveitarfélögunum. Í ýmsum sveitarfélögum hafa eftir sameiningu orðið til íbúasamtök sem gegnt hafa ákveðnu hlutverki gagnvart sveitarstjórn, sérstaklega við forgangsröðun verkefna.

Sveitarfélög standa almennt frammi fyrir vaxandi formlegum kröfum til stjórnsýslu og kærur á stjórnsýsluferli teljast ekki lengur til tíðinda. Þetta á ekki síst við í skipulagsmálum og á uppbyggingartímum þarf að vanda til verka. Þetta er einnig raunin í sveitarfélögunum fjórum í uppsveitum Árnassýslu og sést á fjölda þeirra mála sem tekin eru til umfjöllunar og afgreiðslu hjá sameiginlegri skipulagsnefnd að skipulagsmál eru æ umfangsmeiri málaflokkur.

Almennt kom fram á íbúþinginu ánægja með það mikla samstarf sem nú þegar er á milli sveitarfélaganna í uppsveitunum. Oddvitasamstarfið er einstakt, sérstaklega vegna þeirrar vinnureglu að ekki eru teknar ákvarðanir nema allir séu sammála. Ýmsir töldu betra að halda áfram að rækta samstarfið fremur en að stíga skrefið til fulls og sameinast.

6.4. Viðhorf

Þeir sem hafa valið sér búsetu í dreifbýli njóta margvíslegra kosta sem ekki er að finna í þéttbýlinu en sætta sig um leið við lægra þjónustustig en þar er. Í ljósi umræðunnar á íbúþinginu má spyrja hvort þetta vilji stundum gleymast og að kröfur um þjónustu verði jafnvel óraunhæfar, sérstaklega eftir sameiningu.

Á íbúáþinginu gætti nokkurrar tilhneygingar til að draga ályktanir fyrirfram um kosti og galla sameiningar. Þegar að var gáð kom t.d. í ljós að margt af því sem íbúar tengdu sameiningu, hafði í raun ekkert með sameiningu að gera, heldur miklu frekar samgöngur. Þess vegna skal ítrekuð sú niðurstaða að bætтар samgöngur eru forsenda aukins samstarfs og/eða sameiningar í uppsveitum Árnessýslu.

Einnig bar talsvert á þeim viðhorfum að með sameiningu hætti íbúar og/eða tiltekin sveitarfélög og svæði að vera gerendur, heldur verði fórnarlömb ákvarðana sem teknar verði af „einhverjum öðrum“. Þessa afstöðu þarf að varast.

Það er í mannlegu eðli að óttast breytingar og kom fram á þinginu að tilfinningar ráða miklu um afstöðu fólks til sameiningar. Þetta er eðlileg og skiljanleg afstaða, því flest viljum við halda í þær aðstæður sem við þekkjum.

6.5. Framhaldið

Mikilvægt er að hafa í huga að allt það sem íbúar telja vera kostina við sameiningu, skapast ekki af sjálfu sér daginn eftir kosningar, heldur þarf að vinna vel og markvisst til að þeir verði að veruleika.

Meðal þess sem gæti verið gagnlegt í framhaldinu er að greina þau mál sem íbúar þurfa að vera sammála um og hvað ekki og komast síðan að niðurstöðu um það sem þarf að nást samstaða um.

6.6. Hnattvæðingin - breytt staða sveitarfélaga

Margir íbúar upplifa að með sameiningu sé verið að taka frá þeim stjórn eigin mála. Nú við upphaf 21. aldarinnar er hins vegar spurning hversu miklu samfélög fá í reynd að ráða um eigin mál. Sveitarfélögin þurfa að lúta ákvörðunum sem teknar eru annars staðar, hvort heldur er á Alþingi við Austurvöll, í stórfyrirtækjum, í Brussel eða á öðrum alþjóðlegum vettvangi. Hnattvæðingin leiðir til þess að það smáa og dreifða á undir högg að sækja og ógnar ýmsu því sem er einstakt og dýrmætt í minni samfélögum eins og uppsveitunum. Er þetta óhjákvæmileg þróun, eða geta íbúar tekið höndum saman um að varðveita séreinkenni en samt sem áður tekið fullan þátt í breytingum nútímans?

I. VIÐAUKI: DAGSKRÁ

Sóknarfæri í uppsveitunum Sundur eða saman?

Íbúáþing í uppsveitum Árnessýslu

Miðvikudagskvöld 29. júní í Skálholti

Vertu með, taktu þátt, hafðu áhrif.

Þín skoðun skiptir máli!

Kl.	Dagskrárliðir:		
20.00	Setning; Gunnar Þorgeirsson, formaður sameiningarnefndar		
20.15	Samstarf og íbúáþróun í uppsveitunum Eva Marín Hlynsdóttir, verkefnisstjóri sameiningarnefndar		
20.30	FRAMTÍÐARSÝN Hverju stöndum við frammi fyrir og hvert viljum við stefna? <i>Horft á hvert og eitt sveitarfélag og svæðið í heild.</i> <i>Mikilvægt að í öllum hópunum séu íbúar úr öllum sveitarfélögunum fjórum</i>		
Hópaskipting	Félags- og fræðslumál <ul style="list-style-type: none"> - Leik-, grunn- og framhaldsskólar - Félagsþjónusta - Aðstæður aldraðra - Menningarmál og tómstundir - Gott samfélag <i>Vinnuhópur; hópstjóri frá Alta.</i>	Umhverfis- og atvinnumál <ul style="list-style-type: none"> - Náttúra; verndun og aðgengi - Útivist - Ferðaþjónusta - Landbúnaður - Aðrar atvinnugreinar <i>Vinnuhópur; hópstjóri frá Alta.</i>	Þróun byggðar <ul style="list-style-type: none"> - Hvernig á byggðin að þróast? - Þjónustukjarnar - Samgöngur - Landnotkun <i>Unnið yfir kort af sveitarfélögunum. Skipulagsfræðingur frá Alta stýrir.</i>
21.30	Kaffihlé		
21.45	Niðurstöður hópavinnu kynntar		
22.00	Hverjir eru kostir og gallar sameiningar? <i>Þjónusta, stjórnsýsla og samskipti</i>		
22.30	Samantekt		
23.00	Þingslit		